

# Ársskýrsla 2025

Ársfundur stjórnar 4. júní 2026

Ársskýrsla 2025, lögð fyrir 209. fund stjórnar þann 4. júní 2026

© Fræðslusetið Starfsmennt  
Ábyrgð: Guðfinna Harðardóttir

Skipholt 50b  
105 Reykjavík  
Sími 550 0060  
smennt@smennt.is  
www.smennt.is



# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	<b>1</b>
<b>UM STARFSMENNT</b>	<b>2</b>
Aðild og samningar við sjóði	2
Stjórn og starfsfólk	3
Gæðavottanir og viðurkenningar	3
<b>SAMSTARFSVETTvangur um hæfniþróun í 25 ár</b>	<b>4</b>
Stofnun og aðild	4
Samstarf við sjóði styður markvisst fræðslustarf	4
Fræðslustarfið árin 2002-2025	5
Víðtækt samstarf um fjölbreytt verkefni	6
<b>FRAMBOD, SKRÁNINGAR OG ÞÁTTTAKA ÁRIÐ 2025</b>	<b>8</b>
Heildarframboð, skráningar og þátttaka	8
Skráningar eftir vinnustað og stéttarfélagsaðild	9
Ráðgjöf til einstaklinga	10
<b>INNIHALD FRÆDSLUG OG NÁMS</b>	<b>12</b>
Námskeið um hagnýtingu gervigreindar	13
Námskeið um þróun og innleiðingu virðismatskerfis	13
<b>SAMSTARF VIÐ STOFNANIR</b>	<b>13</b>
<b>ÞRÓUNARVERKEFNI OG KYNNINGARMÁL</b>	<b>16</b>
Íslenskukennsla fyrir starfsfólk Tækniskólans	16
<i>Find the puzzle</i> – samstarfsverkefni á vettvangi Erasmusplus	16
Samstarf um símenntun og hæfniefningu	17
Þekkingarstjórnun í opinbera geiranum	17
Kynningarmál	18
Endurmörkun og ný vefsíða	19
<b>FJÁRMÖGNUN OG REKSTUR</b>	<b>19</b>
<b>VIÐAUKI – YFIRLIT YFIR NÁM OG FRÆDSLUG ÁRIÐ 2025</b>	<b>21</b>



# Inngangur

Hlutverk Starfsmenntar er að vera samstarfsvettvangur um hæfnipróun opinbers starfsfólks og er hlutverkinu sinnt á fjölbreyttan máta bæði með því að bjóða upp á ýmis konar nám og fræðslu en einnig með fjölbreyttum verkefnum sem styðja við hæfnipróun starfsfólks og markvisst fræðslustarf á stofnunum.

Árið 2025 var áfram leitast við að mæta áskorunum í starfsumhverfi opinbers starfsfólks sem og eftirspurn eftir fræðslu m.a. fræðslu um hagnýtingu gervigreindar enda varð gríðarleg aukning í þátttöku á slíkum námskeiðum það ár borið saman við árin á undan. Á vormánuðum voru sett á laggirnar námskeið í samvinnu við Jafnlaunastofu til styðja við þróun og innleiðingu virðismatskerfis og eins var hrint úr vör tilraunaverkefni um íslenskukennslu fyrir hóp starfsfólks Tækniskólans sem hefur annað móðurmál en íslensku.

Skráningum í nám og fræðslu fækkaði talsvert milli áráanna 2024 og 2025 eða um 28%. Þar munar mestu um færri skráningar í nám hjá stofnunum en árið 2025 voru þær 1.130 en árið á undan námu þær rétt tæplega 1.900. Heildarfjöldi skráninga árið 2025 nam 2.862 á móti 3.958 árið 2024.

Samstarf á sviði þarfagreiningar og hönnunar fræðslu var við Háskóla Íslands, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerð Íslands, Menntaskólann á Ísafirði, Ás styrktarfélag og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Einnig sóttu 16 aðrar stofnanir aðstoð til Starfsmenntar við að sinna markvissri fræðslu fyrir starfsfólk sitt.

Nokkrir samningar voru undirritaðir á árinu þar á meðal samningur við Mannauðssjóðinn Heklu sem stofnaður var við sameiningu þriggja mannauðssjóða bæjarstarfsmannafélaga. Þá var endurnýjaður samstarfssamningur við Starfsþróunarsetur BHM með þeirri viðbót að háskólamenn geta nú nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa ásamt því að sækja fræðslu. Gengið var frá útgöngu Reykjavíkurborgar úr samstarfi á vettvangi Starfsmenntar með greiðslu leiðréttingargjalds og endurgreiðslu iðgjalda og í kjölfarið var gerður samstarfssamningur við Fræðslusjóð Sameykis um að sjóðurinn greiddi fyrir þátttöku einstaklinga í námi og fræðslu á vettvangi Starfsmenntar en starfsfólk Reykjavíkurborgar sem jafnframt er félagsfólk í Sameyki á rétt hjá sjóðnum. Í lok árs var svo gerður nýr leigusamningur til tíu ára við Mark ehf. um áframhaldandi leigu á húsnæðinu í Skipholti 50b.

Stjórn Starfsmenntar tók samþykktir um Fræðslusetrið til endurskoðunar og setti sér starfsreglur en það er í fyrsta sinn sem slíkar reglur eru settar formlega. Endurskoðaðar samþykktir og starfsreglur eru aðgengilegar á vef Starfsmenntar.

Starfsfólk og stjórn hélt áfram að styrkja hæfni sína með þátttöku í ýmis konar fræðslu og verkefnum bæði innlendum og erlendum. Þá hófst á árinu 2025 vinna við að undirbúa tímamót í starfsemi Starfsmenntar en haustið 2026 verða 25 ár liðin frá stofnun Fræðslusetursins.



## Um Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur um hæfnipróun opinbers starfsfólks og er markmið þess að auka hæfni starfsfólks til að efla enn frekar opinbera þjónustu.

Hlutverk Starfsmenntar eru að

- bjóða opinberu starfsfólki víðtæka möguleika til menntunar og þroska.
- aðstoða stjórnendur við mótun vinnustaðamenningar og starfsumhverfis sem miðar að því að auka ánægju og hvatningu í starfi.

Starfsmennt rækir þessi hlutverk sín með því að bjóða upp á ýmis konar starfstengd námskeið í samvinnu við fjöldann allan af kennurum og fræðsluaðilum. Einnig býður Starfsmennt einstaklingum að sækja þjónustu náms- og starfsráðgjafa til að ræða málefni sem tengjast símenntun og starfsþróun. Stofnanir geta sótt ýmis konar aðstoð til Starfsmenntar eins og við að greina fræðsluþarfir, gera fræðsluáætlanir og að halda utan um framkvæmd fræðslu í svokölluðu stofnananámi.

### Aðild og samningar við sjóði

Nám, fræðsla og önnur þjónusta á vegum Starfsmenntar er ýmist greidd af iðgjöldum sem Starfsmennt berast, af iðgjöldum samstarfssjóða eða af þátttakendum sjálfum.

Réttindi til greiðslu úr sjóðum ræðst af reglum sjóðanna og ákvæðum samstarfs-samninga en Starfsmennt hefur gert slíka samninga við Mannauðssjóð Heklu, Ríkismennt, Sveitamennt, Starfsþróunarsetur BHM og Fræðslusjóð Sameykis.

Víðtækt samstarf við sjóðina liðkar mjög fyrir markvissu og sveigjanlegu fræðslustarfi sér í lagi hjá stofnunum þar sem oft þarf að bregðast hratt við til að fræðslan geti tekið á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni.



Frá undirritun samstarfssamnings við Heklu mannauðssjóð

## Stjórn og starfsfólk

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns, tveimur fulltrúum frá stéttarfélagum og tveimur fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Engar breytingar urðu í stjórn Starfsmenntar árið 2025 og var hún svo skipuð:

### Aðalmenn

- Jóhanna Þórdórsdóttir, formaður (Sameyki – stéttarfélag í almannajónustu)
- Einar Mar Þórðarson varaformaður (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu)
- Ásta Einarsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)

### Varamenn

- Egill Kristján Björnsson (Sameyki – stéttarfélag í almannajónustu)
- Grétar Miller (Félag flugmálastarfsmanna ríkisins)
- Halldóra Friðjónsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Valgeir Þór Þorvaldsson (fjármála- og efnahagsráðuneyti)

Stjórn hélt alls sjö fundi á starfsárinu 2025. Ársfundur var haldinn 5. júní og jólafundur stjórnar þann 11. desember og tóku varamenn þátt í báðum þeim fundum.

Árið 2025 voru starfsmenn alls sjö í 6,4 stöðugildum. Engar breytingar voru í starfsmannahópnum sem telur Björgu Valsdóttur, Guðfinnu Harðardóttur, Guðrínu Örnú Gylfadóttur, Helgu Rún Runólfsdóttur, Ingibjörgu Hönnu Björnsdóttur, Soffíu Guðnýju Santacroce og Sólborgu Öldu Pétursdóttur.

Skoðunarmenn ársreikninga og löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunar-skrifstofunni Endurskoðun & ráðgjöf ehf.

## Gæðavottanir og viðurkenningar

Starfsmennt er með EQM+ gæðavottun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til þriggja ára með gildistíma frá 1. janúar 2025. EQM+ gæðaviðmiðin eru sérstaklega hönnuð fyrir fræðsluaðila utan formlega skólakerfisins og ná til þriggja meginviða:

- Hönnun og framkvæmd náms
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna
- Raunfærni

Starfsmennt hefur í nokkur ár uppfyllt skilyrði um að teljast viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili og var það staðfest síðast af Menntamálastofnun í nóvember 2022. Við úttekt vegna endurnýjunar í lok árs 2025 kom hins vegar í ljós að bæta þarf úr brunavörnum til að vottun verði endurnýjuð og er unnið að þeim endurbótum.

Auk þessa er Starfsmennt með viðurkenningu (e. accreditation) sem fullgildur aðili að Erasmusplus menntaáætlun ESB. Slík aðild krefst þess að Starfsmennt sé með áætlun



um evrópskt samstarf og nýti lærdóm úr erlendu samstarfi til enn frekari þróunar á starfinu.

## Samstarfsvettvangur um hæfnipróun í 25 ár

Árið 2026 verða 25 ár liðin frá stofnun Fræðslusetursins Starfsmenntar. Við slík tímamót er gagnlegt að líta um öxl en stiklað verður á stóru því af mörgu er að taka.

### Stofnun og aðild

Starfsmennt var stofnað árið 2001 í kjölfar samkomulags við gerð kjarasamninga milli fjármála- og efnahagsráðherra og hóps stéttarfélaganna innan BSRB. Árið 2002 var fyrsta heila starfsár Starfsmenntar og var í byrjun lögð áhersla á skilgreina vel verkefni og kynna setrið fyrir fræðslustjórum ríkisstofnana. Það var m.a. gert með viðburðum til að efla umræðu meðal stjórnenda um mikilvægi símenntunar og hvetja til markvissra aðgerða í málaflokknum.

Hlutverk Starfsmenntar hefur frá upphafi verið að styðja við almenna hæfnipróun opinbers starfsfólks m.a. með því að vera vettvangur samstarfs og nýbreytni. Markmiðið með starfinu er að hlúa að hæfnipróun fólks í opinberum störfum svo þjónustan við samfélagið verði enn faglegri og betri.

### Samstarf við sjóði styður markvisst fræðslustarf

Starfsemin var til að byrja með aðeins ætluð ríkisstarfsfólki sem tók laun samkvæmt kjarasamningum stofnaðila en síðar var opnað fyrir að fleiri gætu sótt námskeið og fræðslu og þá gegn gjaldi. Samstarf við sjóðina hefur verið gríðarlega mikilvægt til að tryggja aðgang að fræðslu og námi og eins til að stofnanir geti haldið úti markvissu fræðslustarfi fyrir starfsfólk sitt.

Árin 2008-2012 voru gerðir samstarfssamningar við þrjá mannauðssjóði bæjarstarfsmannafélaga, Ríkismennt og Sveitamennt, en þeir tveir síðarnefndu eru sjóðir SGS félagsfólks hjá ríki og sveitarfélögum. Samningarnir kváðu á um kostnaðarþátttöku sjóðanna í fræðslu félagsfólks. Mannauðssjóðurinn Hekla hefur nú tekið við þessu hlutverki af mannauðssjóðum bæjarstarfsmannafélaganna.

Árið 2023 var gengið frá sambærilegum samningi við Starfsþróunarsetur BHM vegna starfsfólks ríkis, sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana sem á aðild að Starfsþróunarsetri og tveimur árum síðar var gerður samningur við Fræðslusjóð Sameykis vegna starfsfólks Reykjavíkurborgar sem á aðild að Sameyki um aðgang einstaklinga að fræðslu.

Fljótlega eftir stofnun var fest í sessi samstarf Starfsmenntar og tveggja þróunar- og símenntunarsjóða, annars vegar Þróunar- og símenntunarsjóðs Sameykis og hins vegar Þróunar- og símenntunarsjóðs bæjarstarfsmanna hjá ríkinu. Samstarfið byggist á því að stjórn Starfsmenntar getur óskað eftir fjárframlagi úr sjóðunum til að standa straum af kostnaði við tiltekin verkefni. Eins geta sjóðirnir óskað eftir að Starfsmennt sinni tilteknum



verkefnum og þá gegn fjárframlagi til þeirra verkefna. Framlag sjóðanna hefur verið afar mikilvægt fyrir framgang ýmissa þróunarverkefna á vettvangi Starfsmenntar.

## Fræðslustarfið árin 2002-2025


Fyrst um sinn snerust verkefnin einna helst um að mæta mikilli þörf fyrir fræðslu og þjálfun hjá bæði starfsstéttum og stofnunum. Starfsmennt tók að sér að halda utan um starfsnám stuðningsfulltrúa og hannaðar voru og settar upp námsleiðir til að styðja við uppfærslu þekkingar og hæfni hjá starfsfólki. Ýmsar námsleiðir hafa verið þróaðar og þær ýmist framkvæmdar í heild sinni eða að hluta til, allt eftir þörfum hverju sinni. Nokkrar þeirra verða taldar upp hér:

- Á fjölnum – fyrir leiksviðstækna.
- Á vettvangi – fyrir læknaritara.
- Áfangar – fyrir fangaverði.
- Framrás I, II og III – ætlað fólki í framlínustörfum hjá ríkinu.
- Fríhafnarskólinn – fyrir starfsfólk Fríhafnarinnar.
- Heilsa – fyrir starfsfólk heilsugæslunnar.
- Hæfni – fyrir heilbrigðisritara.
- Innkaupaskólinn – fyrir þau sem koma að opinberum innkaupum hjá ríki, sveitarfélögum og frjálsum félagasamtökum sem aðild eiga að rammameningum.
- Járn síða – fyrir starfsfólk sýslumannsembætta.
- Launaskólinn – fyrir launafulltrúa og stjórnendur hjá ríki og sveitarfélögum.
- Lausnir – fyrir lyfjatekna sjúkrahúsapóteka.
- Nýr vettvangur – fyrir félagsfólk BSRB í atvinnuleit.
- Rekspölur I og II – almennt starfsnám fyrir starfsfólk ríkisins.
- Skil – fyrir starfsfólk á innheimtusviði Tollstjóra
- Skýrt og skorinort – námskeið um starfsmannasamtöl ætluð stofnunum sem voru þátttakendur í fyrstu *Ráðgjafa að láni* verkefnum.
- Stoð – fyrir stuðningsfulltrúa og starfsfólk svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra.
- Talsmaður breytinga – fyrir þau sem koma að innleiðingu breytinga á vinnustað.
- Vandað til verka – þjálfun fyrir stjórnendur, verkstjóra og leiðbeinendur á vernduðum vinnustöðum.
- Velferðarskólinn – námskeið fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
- Vinnumálaskólinn – fyrir starfsfólk Vinnumálastofnunar.
- Vísdomur – fyrir starfsfólk héraðsdómstóla.
- Þróttur – fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja.

Vert er að nefna að árið 2008 fékk Starfsmennt verðlaun Starfsmenntaráðs fyrir Járn síðu verkefnið sem unnið var í samvinnu við Sýslumannafélag Íslands. Verðlaunin voru veitt fyrir framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar.



Eins og fyrr segir var árið 2002 fyrsta heila starfsár Starfsmenntar. Frá því ári og til ársins 2025 nema heildarskráningar í nám og fræðslu rétt tæplega 70 þúsund. Mestur varð fjöldi skráninga árið 2021 þegar boðið var upp á fræðslu til að styðja við innleiðingu á styttingu vinnutíma í vaktavinnu enda námu skráningar á slík námskeið nærri 2.800 eða tæplega helmingi heildarfjölda skráninga árið 2021. Breytingar í skráningum milli ára má rekja til ýmissa þátta eins og samfélagslegra breytinga, átaksverkefna og hvaða áherslur eru lagðar í fræðslumálum stofnana hverju sinni.



## Víðtækt samstarf um fjölbreytt verkefni

Of langt mál er að telja upp alla þá fræðsluaðila sem Starfsmennt hefur átt í samstarfi við á þessum 25 árum en víðfeðmt og farsælt samstarf við fræðsluaðila um allt land hefur gagnast markhópnum enda opnar það leiðir í fjölbreytt nám og á fjölbreyttan máta.

Samstarf við framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar hefur ávallt verið mjög gott og þannig hefur Starfsmennt getað boðið markhópi sínum upp á margvíslegt starfstengt nám m.a. til að brúa bilið á milli náms innan óformlega kerfisins og náms innan þess formlega. Dæmi um slíkt er brúarnámið þar sem námsleiðir framhaldsfræðslunnar og starfsreynsla nýtast til styttingar á námi til námsloka innan framhaldsskólans.

Ýmis þróunar- og átaksverkefni hafa verið unnin á vettvangi Starfsmenntar. Þar má m.a. nefna samvinnu við Bifröst um fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu, samvinnu við Ríkiskaup, sem síðar sameinuðust Fjársýslu ríkisins, um að efla þekkingu á reglum um opinber innkaup og samstarf við samningsaðila á opinberum vinnumarkaði um fræðslu um launaútreikninga, mannauðsmál og réttindi og skyldur á opinberum vinnumarkaði.

Tvö ár í röð bauð Starfsmennt í samvinnu við Fjársýslu ríkisins upp á námskeið um gerð rekstraráætla ríkisstofnana í Akra kerfinu og í kjölfar samkomulags um styttingu vinnutíma í vaktavinnu var árin 2020-2021 settur mikill kraftur í fræðslu til að styðja við farsæla innleiðingu breytinganna.



Lög um jafnlaunavottun voru samþykkt árið 2017 og innleiðingunni var fylgt eftir m.a. með námskeiðum á vettvangi Starfsmenntar fram til ársins 2021 þegar námskeiðin voru færð yfir til Endurmenntunar HÍ. Vorið 2025 hélt Starfsmennt svo námskeið í samvinnu við Jafnlaunastofu um virðismat starfa í þágu launajafnréttis til að fylgja eftir aðgerðum og innleiðingu virðismatskerfis.

Starfsmennt hefur haft milligöngu um að starfsfólk geti lokið tiltekinni endurmenntun sem jafnvel er lögbundin. Dæmi um slíkt er endurmenntun atvinnubílstjóra en atvinnubílstjórar þurfa að ljúka tilteknum námskeiðum til að halda réttindum sínum. Þá vann Starfsmennt með SFR og Fangelsismálastofnun að því að bjóða hópi starfsfólks stofnunarinnar upp á nám skv. námskrá Fangavarðaskólans en þessum hópi hafði ekki gefist kostur á að ljúka slíku námi. Allir þátttakendur luku náminu á fullnægjandi hátt og útskrifuðust sem fangaverðir í maí 2019.



Útskrift úr Fangavarðaskóla árið 2019

Þá hafa verið unnin verkefni á sviði hæfnigreiningar starfa og raunfærnimats og hlaut Starfsmennt m.a. alþjóðlega viðurkenningu fyrir þátttöku sína í tilraunaverkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífs um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífs árið 2021.

Starfsmennt tekur virkan þátt í innlendu og erlendu samstarfi á sviði fullorðinsfræðslu og hæfniefningar og leitast við að viðhalda sterkum tengslum við stjórnendur og mannauðsfólk hjá opinberum vinnuveitendum. Starfsmennt hefur í aldarfjórðung náð að mæta ýmsum þörfum til að þróa hæfni opinbers starfsfólks og mun áfram vera vettvangur fjölbreytts samstarfs og nýbreytni með það að leiðarljósi að auka hæfni starfsfólks til heilla fyrir opinbera þjónustu og íslenskt samfélag.

# Framboð, skráningar og þátttaka árið 2025

Starfsmennt býður upp á margs konar nám, fræðslu og viðburði og er hluti framboðsins opinn öllum en annað einungis ætlað ákveðnum hópi eins og félagsfólki aðildarféлага Starfsmenntar eða samstarfssjóða, tilteknum starfshópum eða starfsfólki tiltekinnar stofnana. Meirihluti viðburða fer fram á netinu ýmist í rauntíma, í streymi eða í sjálfstýrðu vefnámi.

## Heildarframboð, skráningar og þátttaka

Árið 2025 voru námstilboð og viðburðir á vegum Starfsmenntar alls 411 eða um 6% færri en árið á undan. Skráningar voru tæplega 2.900 árið 2025 sem er töluverð fækkun milli ára en þær námu tæplega 3.960 árið 2024, sjá nánar í töflu 1.

**Tafla 1. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar 2021-2025**

	Framboð		Skráningar <sup>1</sup>	
	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári
Árið 2025	411	-6%	2.862	-28%
Árið 2024	435	19%	3.958	7%
Árið 2023	365	-4%	3.686	-8%
Árið 2022	381	-10%	3.987	-34%
Árið 2021	425	61%	6.035	94%

Stundum vill verða að ekki náist full þátttaka og því getur þurft að fella niður námskeið. Árið 2025 þurfti í heildina að fella niður 50 námskeið og afboða 80 manns. Heildarfjöldi þátttakenda árið 2025 varð því 2.782 á móti 3.921 árið á undan sem er um 29% fækkun milli ára, sjá töflu 2.

**Tafla 2. Framboð og raunfjöldi þátttakenda árið 2025**

	Framboð	Fjöldi þátttakenda
Haldin námskeið og viðburðir	361	2.782
Námskeið og viðburðir felldir niður	50	80
Alls viðburðir og skráningar	411	2.862

Starfsmennt hefur umsýslu með námskeiðum fyrir trúnaðarmenn Sameykis og á árinu 2025 voru skipulögð ellefu slík námskeið og tíu þeirra haldin í samvinnu við stéttarfélagið. Þátttakendur á trúnaðarmannanámskeiðum voru 359 alls<sup>2</sup>.


<sup>1</sup> Gerður er greinarmunur á skráningum og þátttöku að því leyti að skráningar ná yfir allt framboð hvort sem námskeið eða viðburðir voru haldin eður ei, en þátttaka nær einungis yfir þá viðburði (námskeið/námsleiðir/fyrirlestra/viðburði/verkefni) sem voru framkvæmdir.

<sup>2</sup> Tölur yfir námskeið fyrir trúnaðarmenn eru ekki teknar með í öðrum tölum um starfseminna



## Skráningar eftir vinnustað og stéttarfélagsaðild

Við skráningu í nám er almennt óskað eftir upplýsingum um vinnustað þátttakenda. Starfsmennt hefur tekið þessar upplýsingar saman í fjögur ár samfellt og eru lítilsháttar sveiflur milli ára. Þannig voru árið 2024 ríflega 60% þátttakenda starfandi á ríkisstofnunum en árið 2025 var hlutfall ríkisstarfsfólks 49%. Það ár náði hlutfall þátttakenda sem jafnframt var starfsfólk sveitarfélaga 37% en mesta breytingin var í hópi þeirra sem starfa hjá sjálfseignarstofnunum eða fyrirtækjum á almennum markaði. Árið 2025 voru 14% þátttakenda úr þeim hópi á móti og 7% árið á undan.



Af heildarfjölda skráninga í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar árið 2025 voru 39% úr röðum félagsfólks Sameykis, um 29% skráninga voru frá félagsfólki annarra aðildarfélaga BSRB og ríflega fjórðungur skráninga var frá félagsfólki aðildarfélaga BHM. Nánari skiptingu skráninga eftir stéttarfélagsaðild er að finna í töflu 3.



**Tafla 3. Fjöldi og hlutfallsleg skipting skráninga e. stéttarfélögum árin 2024 og 2025**

Stéttarfélag/bandalag	Árið 2025		Árið 2024	
	Skráningar	Hlutfall af heildar-skráningu	Skráningar	Hlutfall af heildar-skráningu
Sameyki, stéttarfélag í almannajónustu	1.114	39%	1.731	44%
Félag flugmálastarfsmanna ríkisins	32	1%	53	1%
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	35	1%	67	2%
Kjölur, stéttarfélag í almannajónustu	101	4%	155	4%
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	20	1%	27	1%
Foss, stéttarfélag í almannajónustu	157	5%	61	2%
Starfsmannafélag Garðabæjar	76	3%	114	3%
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	166	6%	237	6%
Starfsmannafélag Húsavíkur	0	0%	2	0%
Starfsmannafélag Kópavogs	145	5%	179	5%
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	39	1%	69	2%
Starfsmannafélag Suðurnesja	17	1%	65	2%
Starfsmannafélag Vestmannaeyja	2	0%	5	0%
BSRB - aðrir	38	1%	20	1%
ASÍ	51	2%	26	1%
BHM	781	27%	1.016	26%
Aðrir	88	3%	131	3%
Alls	2.862	100%	3.958	100%

## Ráðgjöf til einstaklinga

Þjónusta náms- og starfsráðgjafa hefur verið í boði fyrir félagsfólk aðildarfélaga BSRB í nokkur ár. Á haustmánuðum 2025 opnaðist möguleiki fyrir félagsfólk flestra aðildarfélaga BHM til að nýta sér þjónustuna þegar samstarfssamningur Starfsmenntar og Starfsþróunarseturs BHM var endurnýjaður með þeirri viðbót að Starfsþróunarsetrið greiðir einnig fyrir viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa.



Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í lífi, námi og starfi. Þjónustan er að hluta til fjármögnuð úr Fræðslusjóði sem byggir á ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Heildarfjöldi einstaklingsviðtala var 29 árið 2025 sem er nokkuð svipað og árið á undan þegar þau voru 25. Kynjaskiptingin var jafnari árið 2025 en verið hefur sl. ár þegar konur hafa verið í miklum meirihluta. Ríflega helmingur þátttakenda var eldri en fimmtugt en fjölgun var í hópi þeirra sem eru á aldrinum 35-50 ára. Tvö af hverjum þremur komu úr röðum félagsfólks Sameykis árið 2025 og um þriðjungur á aðild að öðrum aðildarfélögum BSRB.

Flest þeirra sem sóttu þjónustu náms- og starfsráðgjafa voru að sækja sér upplýsingar um nám og námskeið en nokkur óskuðu eftir aðstoð við að greina áhugasvið sitt og við sjálfstyrkingu. Sjá nánar í töflu 4.

**Tafla 4. Fjöldi ráðgjafaviðtala árin 2024 og 2025**

	Námskeið skipulögð	Árið 2025		Árið 2024	
		Fjöldi viðtala	Hlutfall	Fjöldi viðtala	Hlutfall
Kyn	Kona	17	59%	20	80%
	Karl	12	41%	5	20%
Aldur	Yngri en 35 ára	2	7%	8	32%
	35-50 ára	11	38%	4	16%
	51-65 ára	16	55%	13	52%
Stéttarfélag	Sameyki	19	66%	23	92%
	BSRB – aðrir	10	34%	2	8%
	Utan BSRB	0	0%	0	0%
Niðurstaða viðtals	Aðstoð við gerð ferilskrár vegna starfsleitar	1	3%	3	12%
	Áhugasviðsgreining	9	31%	5	20%
	Sjálfsstyrking	7	24%	4	16%
	Upplýsingar um nám og námskeið	12	41%	13	52%
Form viðtals	Staðbundin viðtöl	20	69%	21	84%
	Rafræn viðtöl	9	31%	4	16%



## Innihald fræðslu og náms

Áfram var mikil ásókn í fræðslu til að efla stafræna hæfni og auka skilning á möguleikum gervigreindar og var hlutfall þátttakenda í slíkri fræðslu rúmlega þriðjungur af heildarþátttakendafjölda ársins 2025. Um fjórðungur þátttakenda sótti sérhæfða fræðslu sem oft á tíðum gengur út á að efla sérhæfða hæfni starfsfólks tiltekinna stofnana.

Fræðsla um kjara- og starfsmannamál sem og fræðsla til að styðja við stjórnendur og efla jákvætt vinnuumhverfi og uppbyggjandi samskipti á vinnustað var líka vinsæl árið 2025. Þannig sóttu 290 þátttakendur fræðslu sem snerist um laun og launaútreikninga, réttindi og skyldur og virðismat starfa í þágu launajafnréttis og 379 þátttakendur sóttu fræðslu sem styður við mannauðsmál og heilbriggt vinnuumhverfi.

Umfangsmesta námið talið í nemendastundum var nám á vettvangi framhaldsfræðslu en þær námsleiðir telja nær 41% af heildarfjölda nemendastunda. Nám á framhaldsfræðslustigi er vottað nám af hálfu Mennta- og barnamálaráðuneytis og fer fram hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum um allt land. Lengd námsins, sem þátttakendur Starfsmenntar sóttu árið 2025, var ýmist 40 klst, 210 klst eða 324 klst. Nánari upplýsingar um fjölda þátttakenda og nemendastundir eftir innihaldi náms er að finna bæði í töflu 5 og í viðauka.

**Tafla 5. Innihald fræðslu eftir þátttöku og nemendastundum árið 2025**

	Þátttakendur		Nemendastundir	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Gervigreind og stafrænt öryggi	624	22,4%	3.140,5	10,7%
Inngilding og menningarnæmi	73	2,6%	109,0	0,4%
Íslenska sem annað mál	7	0,3%	280,0	1,0%
Kjara- og starfsmannamál	290	10,4%	1.722,0	5,9%
Nám framhaldsfræðslu og framhaldsskóla	98	3,5%	11.870,0	40,6%
Opinber stjórnarsýsla og skjala og gæðastjórnun	30	1,1%	110,0	0,4%
Samtal um starfsþróun	29	1,0%	29,0	0,1%
Sérhæft nám	657	23,6%	3.514,0	12,0%
Stjórnun, samskipti og heilbriggt vinnuumhverfi	379	13,6%	802,0	2,7%
Tölvur og upplýsingatækni	404	14,5%	6.107,0	20,9%
Verkefnastjórnun	34	1,2%	114,0	0,4%
Þjónustustjórnun	157	5,6%	1.436,0	4,9%
Alls	2.782	100%	29.233,5	100%



## Námskeið um hagnýtingu gervigreindar

Starfsmennt hóf að bjóða upp á fræðslu um hagnýtingu gervigreindar í kringum árið 2021. Fyrst um sinn snerist fræðslan helst um að byggja upp grunnskilning á nýbreytninni og leitast við að slá á ótta fólks við fyrirbærið. Fræðslan hefur tekið breytingum í takti við þróun gervigreindarinnar og aukins skilnings og vilja til að nýta sér möguleika hennar.

Árið 2025 varð algjör sprenging í aðsókn að námskeiðum um hagnýtingu gervigreindar. Það ár voru þátttakendur á slíkum námskeiðum alls 607 en á árunum 2021-2024 var heildarfjöldi þátttakenda á gervigreindarnámskeiðum 125 eða fimmtungur þess sem hann var árið 2025.

Samhliða námskeiðum um hagnýtingu gervigreindar hefur Starfsmennt boðið upp á námskeið um örugga meðferð gagna, stafrænt öryggi, siðfræðileg málefni og skapandi og gagnrýna hugsun enda styður sú umfjöllun við almenna umfjöllun um hagnýtingu gervigreindar og er til þess fallin að auka enn frekar ábyrga og skilvirka notkun hennar.

## Námskeið um þróun og innleiðingu virðismatskerfis

Á vormánuðum 2025 voru haldin námskeið til að styðja við þróun og innleiðingu virðismatskerfis. Námskeiðin voru í umsjón Jafnlaunastofu og var gestakennari Amy Ross frá Nýja-Sjálandi en hún leiddi vinnu við þróun og innleiðingu virðismatskerfis þar í landi.

Námskeiðin voru ætluð fulltrúum faglegra stjórna virðismats- og starfsmatsverkefna, starfsfólki ráðuneyta, fulltrúum samtaka launafólks og annarra hagaðila sem koma að þróun virðismatsverkefna.

Í heildina voru haldin sjö námskeið um virðismat starfa þar af eitt á Akureyri. Alls sóttu 150 þátttakendur námskeiðin.

## Samstarf við stofnanir

Stofnanir geta fengið aðstoð við verkefni sem tengjast fræðslu og mannauðsefningu og hafa m.a. það markmið að efla vitund og skilning á mikilvægi símenntunar og styðja við stefnumiðaða starfsþróun innan stofnana.

Samstarf við stofnanir gefur dýrmæta innsýn inn í bæði almenna og sértæka fræðslupörf opinbers starfsfólks og Starfsmennt rýnir hvert verkefni og niðurstöður úr þarfagreiningum til að sjá hvort þær gefi tilefni til að þróa námskeið fyrir almenna námsframboðið.

Árið 2025 voru í heildina skipulögð 93 námskeið í samvinnu við 16 stofnanir. Af þessum 93 námskeiðum voru 52 haldin með 1.069 þátttakendum. Þetta er töluverð fækkun frá árinu 2024 þegar 108 námskeið voru haldin í samvinnu við 16 stofnanir og þátttakendur voru 1.875.



Lengd fræðslunnar er mjög misjöfn en að meðaltali naut hver þátttakandi í stofnananámi fjögurra klst fræðslu árið 2025 sem er svipað og var árið 2024. Sjá nánar í töflu 6.

**Tafla 6. Stofnananám 2025**

Stofnun	Námskeið skipulögð	Skráningar	Námsk. haldin	Þátttakendur	Nemendastundir	Nem.st. pr. þátttak.
Dómstólasýslan	22	49	5	49	108,0	2,2
Fjársýsla ríkisins	1	11	1	11	22,0	2,0
Hagstofa Íslands	3	26	1	18	54,0	3,0
Hljóðbókasafn Íslands	1	5	1	5	5,0	1,0
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	3	25	1	15	15,0	1,0
Menntaskólinn á Ísafirði	1	7	1	7	21,0	3,0
Samgöngustofa	2	23	2	23	82,0	3,6
Skatturinn	2	136	2	136	238,5	1,8
Sýslumenn	7	174	6	151	226,5	1,5
Vinnueftirlit ríkisins	1	52	1	52	52,0	1,0
Ás styrktarfélag	4	64	4	64	192,0	3,0
Bergrisinn (Árborg)	7	91	5	89	459,0	5,2
Fríhöfnin	2	30	2	30	956,0	31,9
ISAVIA	1	15	1	15	112,5	7,5
Kópavogsbær, velferðarsvið	1	15	1	15	45,0	3,0
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	35	407	18	389	1.684,0	4,3
Alls	93	1.130	52	1.069	4.272,5	4,0

Í töflu 6 má sjá fjölda námskeiða sem sett voru upp í samvinnu við stofnanir og voru sum þeirra afrakstur samstarfs Starfsmenntar og stofnana um að greina fræðsluþarfir og gera tillögu að fræðslu eða fræðsluáætlun. Slík verkefni falla undir *Ráðgjafa að láni* en í þeirri þjónustu felst ýmis konar aðstoð við mannauðstengd málefni og er leitast við að klæðskerasníða þjónustuna að þörfum hverrar stofnunar fyrir sig. Árið 2025 náði slíkt samstarf til eftirtalinna verkefna:

#### Háskóli Íslands – upplýsingatæknisvið

Greining fræðsluþarfa og tillögur settar fram um fræðslu. Greiningarvinnu lauk í árslok 2024 en árið 2025 var verkefninu fylgt eftir með kynningum á niðurstöðum og samtölum um næstu skref.



## Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Gerð starfsþróunarstefnu og -áætlunar ásamt því að aðstoða við að koma á fót samræmdu ferli við móttöku nýliða hjá öllum starfsstöðvum embættisins. Verkefnum lauk í árslok 2024 en árið 2025 var þeim fylgt eftir með kynningum og samtölum um næstu skref.

## Vegagerðin – þjónustusvið, deild vöktunar og upplýsinga

Aðstoð við greiningu fræðsluþarfa og uppsetningu á starfsþróunaráætlun fyrir starfsfólk deildarinnar. Áætlunin spannar þrjú ár, tekur á sértækum málefnum deildarinnar og er til viðbótar annarri fræðslu hjá stofnuninni. Verkefninu lauk í júní 2025.

## Menntaskólinn á Ísafirði – stoðþjónusta

Greining fræðsluþarfa og tillögur settar fram um fræðslu fyrir starfsfólk stoðþjónustu. Vinnan náði til eftirfarandi starfa:

- Skólafulltrúi
- Stuðningsfulltrúi
- Matráður
- Umsjónarmaður fasteigna
- Forstöðumaður mötuneytis
- Forstöðumaður bókasafns
- Gæðastjóri
- Verkefnastjóri FabLab

Verkefninu lauk í febrúar 2025.

## Ás styrktarfélag

Greining fræðsluþarfa og tillögur settar fram um fræðslu fyrir starfsfólk í eftirfarandi störfum:

- Stuðningsfulltrúi
- Stuðningsráðgjafi
- Þroskaþjálfari
- Hópstjóri/svæðisstjóri
- Félagsliði

Greiningarvinnu lauk í árslok 2025 og var niðurstöðum skilað í janúar 2026. Leitast var við að draga fram sameiginlegar þarfir þvert á störf og í kjölfarið var sett á laggirnar sérstakt fræðsluteymi hjá stofnuninni sem sér um að fræðslunni sé komið í framkvæmd hvort sem er í samvinnu við Starfsmennt eða aðra fræðsluaðila.

## Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Greining fræðsluþarfa og tillögur settar fram um fræðslu fyrir alla stofnunina. Verklök eru áætluð á vormánuðum 2026.



# Þróunarverkefni og kynningarmál

## Íslenskukennsla fyrir starfsfólk Tækniskólans


Eitt af áhersluatriðum stjórnar fyrir árið 2025 var að styðja við íslenskunám starfsfólks af erlendum uppruna. Þróunarverkefnið *Íslenska sem annað mál – námskeið fyrir opinbert starfsfólk* var því hrint úr vör og var ákveðið að beina sjónum að félagsfólki Sameykis sem starfar við ræstingar í framhaldsskólum og hefur annað móðurmál en íslensku. Verkefnið var kynnt fyrir nokkrum framhaldsskólum og úr varð að ganga til samstarfs við Tækniskólann.

Sex starfsmenn Tækniskólans taka þátt í verkefninu og er kunnátta þeirra í íslensku á mismunandi stigum. Með svo fámennan hóp er auðveldara að sníða fræðsluna að þörfum hvers og eins þátttakanda en að sama skapi felst ákveðin áskorun í að vinna með svo fámennum hópi.

Þjálfunin felst í því að þátttakendur sækja íslenskunámskeið á vegum Framvegis og hófst kennslan 3. nóvember 2025. Að auki fá þátttakendur aðgang að *Bara tala* appinu í 12 mánuði eða til 1. október 2026. Verklok eru því áætluð seinni hluta árs 2026.

## *Find the puzzle* – samstarfsverkefni á vettvangi Erasmusplus

Sjónstöðin, þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu kom að máli við Starfsmennt vorið 2025. Erindið var beiðni um að taka þátt í umsókn um Erasmusplus styrk til að vinna samstarfsverkefni sem hefur það markmið að útbúa efni fyrir starfsfólk sem starfar við endurhæfingu, þjálfun og umönnun einstaklinga sem eru sjónskertir eða blindir af völdum áunnins heilaskaða.



Samstarfshópurinn á vinnufundi í Belgíu í mars 2026



Sótt var um til Erasmusplus og fékkst styrkloforð upp á 250 þús Evrur eða tæplega 36 m íslenskra króna. Sjónstöðin leiðir verkefnið og aðrir samstarfsaðilar en Starfsmennt koma frá Belgíu, Þýskalandi og Spáni. Fylgjast má með framvindu verkefnisins á vefsíðunni [www.seeingafterabi.eu](http://www.seeingafterabi.eu).

## Samstarf um símenntun og hæfniefningu

Starfsmennt er aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi og var aðalfundur samtakanna haldinn á Teams þann 27. maí 2025.

Starfsmennt á fulltrúa í stjórn faghóps um mannauðsstjórnun hjá ríkinu en sá faghópur er hluti af Mannauði, félagi mannauðsfólks. Hópurinn hefur verið starfandi frá miðju ári 2022 og hefur það markmið að efla samtál og samvinnu um markvissa mannauðsstjórnun hjá ríkisstofnunum. Samskonar hópur er starfandi fyrir mannauðsfólk sveitarfélaganna og fylgist Starfsmennt með umræðu á þeim vettvangi.

Framkvæmdastjóri á sæti í sérfræðingahópi EPALE hér á landi, sem er samstarfsnet fullorðinsfræðsluaðila í Evrópu og Rannís sér um fyrir Íslands hönd.

Starfsmennt á í samstarfi við fjölmarga fræðsluaðila út um allt land, bæði einkaaðila, framhaldsskóla og miðstöðvar sem bjóða framhaldsfræðslu og margs konar símenntun. Með slíku samstarfi nær Starfsmennt enn betur að bjóða fjölbreytt úrval náms og fræðslu bæði í fjarnámi og staðnámi.

## Þekkingarstjórnun í opinbera geiranum

Framkvæmdastjóri og fjórir meðlimir stjórnar sóttu námskeið hjá European Institute of Public Administration, EIPA, um þekkingarstjórnun í opinbera geiranum og gervigreind. Námskeiðið var haldið í Barcelona í apríl og snerist um mikilvægi þess að halda vel utan um þekkingu og hæfni starfsfólks, halda þekkingarþróun og sinna greiningu á hæfnikröfum starfa til að mæta framtíðarþörfum.



Þátttakendur á námskeiði EIPA um þekkingarstjórnun í opinbera geiranum



Meðal þess sem kom fram á námskeiðinu var hversu mikilvægt það er að fræðslumálin lendi ekki öll á herðum eins aðila heldur að mynda um þau teymi. Starfsmennt hefur í nokkur ár hvatt stofnanir til að setja á laggirnar 2-4 manna fræðsluteymi sem hefur það hlutverk að leiða fræðslumálin, tryggja gott upplýsingaflæði og sjá til þess að framkvæmd fræðslu verði í samræmi við markmið. Það hefur sýnt sig að öflugir fulltrúar stofnunar í fræðsluteymi og skýr stuðningur stjórnenda geta haft afgerandi áhrif á hversu vel tekst til þegar þjálfar á starfsfólk á markvissan og stefnumiðaðan máta.

## Kynningarmál

Starfsmennt nýtir veffréttabréf, samfélagsmiðla og markpósta til að vekja athygli á námskeiðum, ráðgjöf og málefnum sem tengjast fræðslu og mannauðsefningu.

### Veffréttabréf

Það hefur sýnt sig að veffréttabréfin ná helst til markhópsins og árið 2025 voru send út 35 almenn fréttabréf eða að meðaltali eitt á viku yfir aðal starfstíma Starfsmenntar. Fréttabréfið berst ríflega fimm þúsund viðtakendum sem hafa skráð sig á póstlista Starfsmenntar en skráðum áskrifendum fjölgaði um 5% á árinu. Í tengslum við fréttabréfin er sambærilegt efni kynnt á samfélagsmiðlum.

### Markpóstur á afmarkaða hópa

Af og til sendir Starfsmennt sérstakan markpóst á stjórnendur og mannauðsfólk til að kynna fræðslu sem stendur þeim til boða og bjóða aðstoð við fræðslumálin. Tveir slíkir póstur voru sendir út á árinu í upphafi hvorrar annar.

Þá voru sendir fimm markpóstar á starfsfólk sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, sem starfar með fötluðum, til að vekja athygli á námskeiðum sem haldin eru í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Einnig voru sendir póstur á sveitarfélögin til að vekja athygli á námskeiðum um sérstaka launaútreikninga starfsfólks leik-, grunn- og tónlistarskóla.

### Aðrar kynningar

Í janúarhefti Sameykisblaðsins birtist grein eftir náms- og starfsráðgjafa Starfsmenntar um mikilvægi þess að taka ábyrgð á eigin starfsþróun og hvernig þjónusta ráðgjafa getur stutt fólk í slíkri vinnu.

Framkvæmdastjóri Starfsmenntar hélt erindi um ævinám og mikilvægi símenntunar á þingi norrænna stéttarfélaga í ágúst og í október var Starfsmennt með kynningarbás á Mannauðsdeginum sem er mikilvægur vettvangur til að ná til stjórnenda og mannauðsfólks hjá opinberum stofnunum enda sækja um þúsund manns viðburðinn ár hvert.



## Endurmörkun og ný vefsíða

Árið 2026 verða liðin 25 ár frá stofnun Starfsmenntar og var ákveðið að fara í vinnu við endurmörkun vörumerkisins *Starfsmennt* með það að markmiði að ná fram skýrri staðfærslu og sérstöðu Starfsmenntar meðal sambærilegra stofnana.

Umsjón vinnu við endurmörkun og hönnun nýrrar ásýndar var í höndum Kolibri og lauk þeirri vinnu haustið 2025. Þá tók Advania við keflinu og hóf að útbúa nýja vefsíðu, setja upp og forrita nýtt skráningarkerfi og flytja öll gögn úr námskeiðs- og nemendabókhalði Starfsmenntar úr eldra kerfi og í það nýja.

## Fjármögnun og rekstur

Heildartekjur árið 2025 námu ríflega 209 m kr sem er tæplega um 10 m kr meira en var árið 2024. Tekjur vegna seldra námskeiða og sérverkefna námu tæplega 55 m kr og voru 33% hærrí árið 2025 en árið á undan. Hrein eign í árslok 2025 nam ríflega 190 m kr. Yfirlit yfir hlutfallslega skiptingu rekstrartekna má sjá í töflu 7.

**Tafla 7. Hlutfallsleg skipting rekstrartekna árin 2020-2025**

	2025	2024	2023	2022	2021	2020
Samkvæmt skilagreinum stofnana	73,9%	79,5%	85,1%	83,0%	63,8%	74%
Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis	0,0%	0,0%	0,0%	0,5%	0,0%	6,6%
Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Námskeiðstekjur og verkefnastyrkir	26,1%	20,5%	15,2%	16,1%	35,9%	17,0%
Fræðslusjóður framhaldsfræðslunnar	0,1%	0,0%	-0,3%	0,4%	0,3%	2,4%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Heildarútgjöld Starfsmenntar hækkuðu milli ára úr tæplega 183 m kr árið 2024 í tæplega 211 m kr árið 2025. Kostnaður vegna náms og þjónustu var um 1 m kr lægri árið 2025 en árið á undan og nemur ríflega fimmtungi heildarútgjalda. Kostnaður vegna launa og annars reksturs hækkaði milli ára aðallega vegna kjarasamningsbundinna launahækkana, vinnu við endurmörkun, nýja vefsíðu og nýtt skráningarkerfi. Árið 2025 nam launakostnaður ríflega 53% heildarútgjalda en annar rekstrarkostnaður nam ríflega 25% útgjalda, sjá nánar í töflu 8.

**Tafla 8. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda árin 2020-2025**

	2025	2024	2023	2022	2021	2020
Launakostnaður	53,3%	56,6%	56,7%	60,8%	54,6%	51,8%
Annar rekstrarkostnaður	25,4%	18,0%	23,3%	20,0%	19,8%	16,5%
Nám og þjónusta	21,4%	25,4%	20,0%	19,2%	25,6%	31,6%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%



Hlutfallsleg skipting kostnaðar eftir þjónustuliðum sýnir að nám einstaklinga tekur langmest til sín eða 82% af heildarútgjöldum til þessa þáttar (nám og þjónusta) árið 2025. Kostnaður vegna fræðslu í samvinnu við stofnanir nam 17% af heildarútgjöldum til náms og þjónustu árið 2025 en var 19% árið 2024 og 30% árið 2023. Bein útgjöld vegna annarrar þjónustu þ.e. náms- og starfsráðgjafar, mannauðsráðgjafar og þróunarverkefna mælist varla enda fellur kostnaður vegna þessara þjónustuliða að langmestu leyti undir almennan launakostnað þar sem verkefni eru að stærstum hluta unnin af sérfræðingum Starfsmenntar.



Þegar rýnt er sérstaklega í kostnað við nám og fræðslu, bæði einstaklinga og hjá stofnunum, má sjá að kostnaður vegna starfstengds náms framhaldsfræðslunnar hækkar hlutfallslega mest milli árána 2024 og 2025 og fer úr 1,4 m kr í ríflega 3 m kr en það er í samræmi við fjölgun þátttakenda úr 30 árið 2024 í 54 árið 2025. Kostnaður vegna náms og fræðslu hjá stofnunum dregst saman milli ára sem er í samræmi við færri skráningar í slíka fræðslu. Sjá nánar í töflu 9.

**Tafla 9. Útgjöld vegna náms og fræðslu árin 2024 og 2025**

	Árið 2025		Árið 2024	
	Kostnaður	Hlutfall	Kostnaður	Hlutfall
Nám og fræðsla hjá stofnunum	7.779.209	17,4%	8.945.684	20,0%
Starfstengt nám framhaldsfræðslunnar	3.010.500	6,7%	1.386.000	3,1%
Starfstengt nám framhaldsskóla	2.340.160	5,2%	2.470.240	5,5%
Annað nám einstaklinga	31.728.723	70,8%	31.990.168	71,4%
Alls	44.858.592	100%	31.990.168	100%



## Viðauki – yfirlit yfir nám og fræðslu árið 2025

Yfirlitið sýnir nám og fræðslu eftir flokkum. Þátttakendafjöldi á námskeiðum með sama heiti er settur saman í eina tölu og þess vegna endurspeglar yfirlitið hvorki heildarfjölda námskeiða né heildarfjölda skráninga. Nemendastundir er mælikvarði á umfang náms og er formúlan: Lengd fræðslu í klst margfölduð með fjölda þátttakenda.

Innihald náms/heiti náms	Þátt-taka <sup>3</sup>	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/stað-nám <sup>4</sup>
<b>Gervigreind og stafrænt öryggi</b>				
Ábyrg notkun gervigreindar í opinberri stjórnsýslu	26	5,0	130,0	V
Að temja tæknina: Að nýta gervigreind í starfi	55	4,0	220,0	V
AI Literacy - Intro to AI	2	2,0	4,0	V
Copilot á mannamáli	2	3,0	6,0	S
Copilot- hvað er nú það?	28	1,5	42,0	V
Dómstólasýslan   Kynning á Microsoft Copilot	22	1,0	22,0	V
Gervigreind fyrir byrjendur	80	2,0	160,0	V
Gervigreind fyrir byrjendur- framhald	28	2,0	56,0	V
Gervigreind fyrir venjulegt fólk	30	3,0	90,0	S
Hagnýt gervigreind, masterclass	74	18,0	1.332,0	V
Hagnýtar gervigreindarlausnir	84	7,0	588,0	S
Hagnýtar gervigreindarlausnir - framhaldsnámskeið	14	3,5	49,0	S
Listin að hakka fólk - ertu að láta plata þig?	17	1,0	17,0	V
Myndvinnsla með gervigreind	11	18,0	198,0	V
Sýslumenn   Gervigreindartól til að auka skilvirkni í skrifstofuvinnu	51	1,5	76,5	V
Sýslumenn   Inngangur að gervigreind	59	1,5	88,5	V
Sýslumenn   Upplýsingaöflun og gagnavinnsla með aðstoð gervigreindar	41	1,5	61,5	V
<b>Alls</b>	<b>624</b>		<b>3.140,5</b>	
<b>Inngilding og menningarnæmi</b>				
Hvernig tekst ég á við fordómafulla umræðu?	51	1,0	51,0	V
Menningarlæsi - Samskipti við erlenda gesti	4	10,0	40,0	V
Styðjandi umhverfi fyrir trans fólk á vinnumarkaði	18	1,0	18,0	V
<b>Alls</b>	<b>73</b>		<b>109,0</b>	
<b>Íslenska sem annað mál</b>				
Íslenskubjálfarinn   A2-1, stig/level 3	2	40,0	80,0	V
Íslenskubjálfarinn   A2-2	4	40,0	160,0	V
Íslenskubjálfarinn   B1-1	1	40,0	40,0	V
<b>Alls</b>	<b>7</b>		<b>280,0</b>	

<sup>3</sup> Í þeim tilvikum þar sem námskeið voru felld niður er sett F í reitinn.

<sup>4</sup> V = vefnám; S = staðnám; B = blandað nám, vef- og staðnám.



Innihald náms/heiti náms	Þátt-taka <sup>3</sup>	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/stað-nám <sup>4</sup>
<b>Kjara- og starfsmannamál</b>				
Laun og vinnutími hjá hinu opinbera	22	5,0	110,0	V
Lestur launaseðla	25	1,0	25,0	V
Óvinnufærni, veikindaréttur, slysatryggingar, foreldra- og fæðingarorlof og sorgarleyfi	23	3,0	69,0	V
Sérstakir launaútreikningar kennara og annars starfsfólks í grunn- og tónlistarskólum	39	4,0	156,0	V
Upphaf starfs, starfsskyldur og starfslok	19	9,0	171,0	V
Virðismatskerfi í þágu launajafnréttis	150	7,5	1.125,0	S
Virðismatskerfi í þágu launajafnréttis – lokað f. boðsgesti	12	5,5	66,0	S
<b>Alls</b>	<b>290</b>		<b>1.722</b>	
<b>Nám framhaldsfræðslu og framhaldsskóla</b>				
Fagnám í umönnun fatlaðra	30	324,0	9.720	V
Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu	7	210,0	1.470	V
Félagssliðabraut - Borgarholtsskóli	30	- <sup>5</sup>	-	S
Food Safety and Quality - Online	2	40,0	80,0	V
Meðferð matvæla - Fjarnám	15	40,0	600,0	V
Stuðningsfulltrúar í skólum - Borgarholtsskóli	14	-	-	S
Velferðartækni	F	40,0	-	V
<b>Alls</b>	<b>98</b>		<b>11.870,0</b>	
<b>Opinber stjórnýsla og skjala- og gæðastjórnun</b>				
Fyrirmyndar skjalastjórn - aðferðir og hagnýt ráð	5	6,0	30,0	V
Grisjun skjala	F	1,5	-	V
Hvenær verður starfsfólk hjá ríki og sveitarfélögum vanhæft til að fara með mál?	10	3,5	35,0	V
Meðferð skjala og skjalavistun	F	3,0	-	V
Skjalaóreiða	4	3,0	12,0	S
Stjórnýsla og lagaumhverfi hins opinbera og málsmeðferð	11	3,0	33,0	V
<b>Alls</b>	<b>30</b>		<b>110,0</b>	
<b>Samtal um starfsþróun</b>				
Samtal við náms- og starfsráðgjafa	29	1,0	29,0	B
<b>Alls</b>	<b>29</b>		<b>29,0</b>	
<b>Sérhæft nám</b>				
„HACCP“ – Hygiene and Safe Handling of Food	4	3,5	14,0	S
„HACCP“ - hreinlæti og örugg meðferð matvæla	5	3,5	17,5	S

<sup>5</sup> Lengd náms á framhaldsskólastigi er ekki skráð.



Innihald náms/heiti náms	Þátt-taka <sup>3</sup>	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/stað-nám <sup>4</sup>
Ás styrktarfélag   Varnarviðbrögð	34	3,0	102,0	S
Bergrisinn   Mentor I - Þjónandi leiðsögn	16	15,0	240,0	S
Bergrisinn   Skyndihjálp I	F	3,0	-	S
Bergrisinn   Skyndihjálp upprifjun	15	3,0	45,0	S
Bergrisinn   Skyndihjálp upprifjun fyrir sumarstarfsfólk	12	3,0	36,0	S
Bergrisinn   Þjónandi leiðsögn, hópur 1	23	3,0	69,0	S
Bergrisinn   Þjónandi leiðsögn, hópur 2	23	3,0	69,0	S
Fjársýslan   Fræðsla fullorðinna	11	2,0	22,0	S
Fríhafnarskólinn   Námskeiðslota 2025 - Verslun	22	34,0	748,0	B
Fríhöfnin   Training 2025 - Warehouse (Lager)	8	26,0	208,0	B
Gagnalæsi	7	2,0	14,0	S
Isavia   Tímamót og tækifæri	15	7,5	112,5	S
Raki og mygla í húsum 1	3	6,0	18,0	S
Raki og mygla í húsum 1	1	6,0	6,0	V
Raki og mygla í húsum 2	2	6,0	12,0	S
SSH   Einhverfa fullorðinna	F	3,0	-	S
SSH   Geðheilbrigði og andlegar áskoranir fatl. fólks	16	3,0	48,0	S
SSH   Hugmyndafræði um sjálfstætt líf	52	2,0	104,0	S
SSH   Innkoma nýliða	74	5,5	407,0	S
SSH   Kynvitund og fatlað fólk	8	3,0	24,0	S
SSH   Lyf og lyfjagjöf	F	3,0	-	V
SSH   Meðhöndlun matvæla	30	3,0	90,0	S
SSH   Mentor I - Þjónandi leiðsögn	16	15,0	240,0	S
SSH   Mentor II - Þjónandi leiðsögn	16	15,0	240,0	S
SSH   Nauðung í starfi með fötluðu fólki	35	3,0	105,0	S
SSH   Ofbeldi - í þjónustu við fatlað fólk	F	3,0	-	V
SSH   Skyndihjálp I	36	3,0	108,0	S
SSH   Skyndihjálp II	15	3,0	45,0	S
SSH   Skyndihjálp III	12	3,0	36,0	S
SSH   Skyndihjálp upprifjun	29	3,0	87,0	S
SSH   Þjónandi leiðsögn	23	3,0	69,0	S
SSH   Tjáskipti og tjáskiptatæki	F	3,0	-	S
SSH   Traust, tengsl og tilgangur	F	3,0	-	S
SSH   Varnarviðbrögð	27	3,0	81,0	S
Velferðarsvið Kópavogs   Varnarviðbrögð	15	3,0	45,0	S
Vinnueftirlitið   Varnarviðbrögð	52	1,0	52,0	S
<b>Alls</b>	<b>657</b>		<b>3.514,0</b>	
<b>Stjórnun, samskipti og heilbriggt vinnuumhverfi</b>				
Að lifa breytingar - breytingastjórnun	6	2,0	12,0	V
Að nýta eigin styrkleika í lífi og starfi	F	3,0	-	V
Áfallamiðuð nálgun á vinnustað	11	3,0	33,0	V
Árangursríkari starfsmannasamtöl	3	3,5	10,5	S



Innihald náms/heiti náms	Þátt-taka <sup>3</sup>	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/stað-nám <sup>4</sup>
Árangursríkari starfsmannasamtöl	6	3,5	21,0	V
Andleg þrautseigja	60	2,0	120,0	V
Ás styrktarfélag   Hrósi og gagnrýni	30	3,0	90,0	S
Dómstólasýslan   Áföll og samskipti	14	2,0	28,0	V
Eigin styrkleikar og árangur í teymisvinnu	15	4,0	60,0	V
Erfið starfsmannamál	1	4,0	4,0	S
Framúrskarandi teymi	10	3,0	30,0	S
Framúrskarandi teymi	F	2,0	-	V
Grunnur að góðri teymisvinnu	F	2,0	-	V
Hagstofan   Teymi til árangurs	F	3,0	-	S
Hagstofan   Teymi til árangurs (stjórnendur)	F	3,0	-	S
Hagstofan   Teymi til árangurs - teymisstjórar	18	3,0	54,0	S
HBS   Galdurinn við hugarfarið	5	1,0	5,0	S
How to manage a diverse team	1	4,0	4,0	V
Jákvæð vinnustaðamenning skiptir máli!	4	3,5	14,0	S
Líðan, heilsa og öryggi starfsfólks	6	3,0	18,0	V
Líðan, heilsa og öryggi starfsfólks	3	3,0	9,0	S
LRH   Er gaman í vinnunni?	F	1,0	-	S
LRH   Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti	15	1,0	15,0	V
LRH   Virkjum stressið og nýtum kraftinn	F	1,0	-	S
Lykilatriði breytingastjórnunar - grunnur	3	3,0	9,0	S
Mannauðsstjórnunarhlutverk stjórnenda	12	1,5	18,0	V
Mí   Vinnustofa um samskipti og heilbrigð mörk	7	3,0	21,0	S
Samgöngustofa   Velliðan, samvinna og fagmennska	14	2,0	28,0	S
Sjálfsmyndhyggja í desember	28	1,0	28,0	V
Skatturinn   Róandi samtalstækni	67	1,5	100,5	V
SSH   Að nýta eigin styrkleika í lífi og starfi	F	3,0	-	V
Velliðan starfsfólks	15	3,0	45,0	V
Virkjum stressið og nýtum kraftinn	25	1,0	25,0	V
<b>Alls</b>	<b>379</b>		<b>802,0</b>	
<b>Tölvur og upplýsingatækni</b>				
Almennt tölvunám	16	60,0	960,0	V
Canva, hönnun margmiðlunarefnis	41	18,0	738,0	V
Dómstólasýslan   Almennt tölvunám	F	60,0	-	V
Dómstólasýslan   Excel I	F	18,0	-	V
Dómstólasýslan   Excel II	F	18,0	-	V
Dómstólasýslan   Hugarkort	F	12,0	-	V
Dómstólasýslan   Microsoft Teams	F	12,0	-	V
Dómstólasýslan   SharePoint	F	18,0	-	V
Dómstólasýslan   Tölvuleikni og Windows	F	12,0	-	V
Dómstólasýslan   Verkefna- og tímastjórn. í Outlook	1	18,0	18,0	V
Dómstólasýslan   Word I	1	18,0	18,0	V



Innihald náms/heiti náms	Þátt-taka <sup>3</sup>	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/stað-nám <sup>4</sup>
Dómstólasýslan   Word II	F	18,0	-	V
Excel I	43	18,0	774,0	V
Excel II	29	18,0	522,0	V
Excel – Pivot	1	7,0	7,0	V
Fjár sjóður Google og vefsíðugerð	F	18,0	-	V
Microsoft Power BI	5	8,0	40,0	S
Microsoft Teams	28	12,0	336,0	V
Mindmap, hugarkort	21	18,0	378,0	V
Myndvinnsla með snjalltækjum	8	18,0	144,0	V
Náðu stjórn á vinnudeginum með Outlook	15	2,0	30,0	V
Outlook, verkefna- og tímastjórnun	31	18,0	558,0	V
Skatturinn   Náðu stjórn á vinnudeginum með Outlook	69	2,0	138,0	V
Photoshop, myndvinnsla	9	18,0	162,0	V
Power BI	24	12,0	288,0	V
PowerPoint, margmiðlun og kynningar	1	18,0	18,0	V
Publisher, upplýsingamiðlun	7	18,0	126,0	V
SharePoint	20	12,0	240,0	V
Tölvuleikni og Windows stýrikerfið	5	18,0	90,0	V
Wix, vefsíðugerð	15	18,0	270,0	V
Word I	10	18,0	180,0	V
Word II	4	18,0	72,0	V
<b>Alls</b>	<b>404</b>		<b>6.107,0</b>	
<b>Verkefnastjórnun</b>				
Dómstólasýslan   Verkefnastjórnun, fyrstu skrefin	11	2,0	22,0	V
Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin	23	4,0	92,0	V
<b>Alls</b>	<b>34</b>		<b>114,0</b>	
<b>Þjónustustjórnun</b>				
20 góð ráð í þjónustusímsvörum - stafrænt námskeið	32	10,0	320,0	V
8 lykjar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum	32	10,0	320,0	V
Árangursrík samskipti í þjónustu	11	12,0	132,0	V
Erfiðir og óánægðir þjónustuþegar/viðskiptavinir	41	10,0	410,0	V
Samgöngustofa   Leiðarljós í þjón. og vellíðan í vinnu	9	6,0	54,0	S
Service Quality, Hospitality and Cultural Differences	1	10,0	10,0	V
Topp símaþjónusta og samskiptafærni	8	10,0	80,0	V
Tölvupóstsamskipti, netspjall og gervigreind	8	10,0	80,0	V
Þarf alltaf að vera góð þjónusta?	15	2,0	30,0	V
<b>Alls</b>	<b>157</b>		<b>1.436,0</b>	





